

Fundargerð

Stjórnarfundur Íþróttabandalags Hafnarfjarðar.

Haldinn 3. mars 2021.

Staður: Skrifstofa 1. hæð Íþróttahúsinu við Strandgötu.

Hófst kl.16.35 og lauk kl.18.00.

Mættir: Hrafnkell Marinósson, Aðalsteinn Valdimarsson, Karl Georg Klein, Viðar Halldórsson, Ragnar Hilmarsson, Magnús Gunnarsson, Hörður Þorsteinsson og Kristinn Arason. Forföll: Sveinn Sigurbergsson.

Dagskrá:

1. Nefndir stjórnar ÍBH og verkefni

Farið yfir stöðuna á hverri nefnd og ákveðið að nefndirnar gefi skýrslu á næsta þingi ÍBH.

2. Tímaúthlutunarreglur ÍBH

Engar breytingartillögur við reglurnar hafa borist skrifstofu ÍBH frá aðildarfélögum eða stjórn ÍBH. Samþykkt að skipa tímaúthlutunarnefnd með fulltrúum úr eftirtöldum félögum, Björk, DÍH, Haukum, FH, BH, Firði, Blakfélagi Hafnarfjarðar og með fyrirvara um að bæta við fulltrúum fleiri félaga ef þurfa þykir.

3. 75. Íþróttaping ÍSÍ 2021 – fyrri fundarboð

Fer fram dagana 7. - 8. maí nk. í Silfurbergi Hörpu í Reykjavík. ÍSÍ áskilur sér rétt til að breyta þingstað / fyrirkomulagi Íþróttapings ef reglugerð heilbrigðisráðherra heimilar ekki áætlaðan heildarfjölda þingfulltrúa og gesta. Tillögur sem taka á fyrir á þinginu þurfa að hafa borist ÍSÍ fyrir 9. apríl nk.

4. Starfsskýrsluskil 2021

Ítarlegar upplýsingar frá ÍSÍ lagðar fram til kynningar. Upplýsingarnar hafa verið sendar á aðildarfélögin. Síðasti skiladagur er 15. apríl 2021.

5. TÍA – nýtt námskeið um tómsundur, íþróttir og ADHD

ADHD samtökin hafa þróað námskeið fyrir þjálfara, tómsundafulltrúa og aðra sem koma að skipulögðu íþrótt- og tómsundastarfi barna með sérstakri áherslu á þátttöku barna með ADHD. Umsjónarmenn eru Vanda Sigurgeirsdóttir, Jakob Frímann Þorsteinsson og Bóas Valdórsson. Heimasíða samtakanna er www.adhd.is.

6. Bogfimiþing 13. mars 2021 í Íþróttamiðstöðinni í Laugardal

Þingfulltrúar geta óskað eftir því að vera tengdir í gegnum fjarfundarbúnað til þátttöku á þinginu. ÍBH á rétt á einum fulltrúa á þingið með málfrelsi og tillögurétt.

7. Stefna ÍSÍ í almenningsíþróttum

Bréf frá Almenningsíþróttasviði ÍSÍ frá 12. febrúar sl. með stefnu ÍSÍ í almenningsíþróttum lagt fram til kynningar.

8. Akstursíþróttaping 20. mars 2021 í Íþróttamiðstöðinni í Laugardal

AKÍS áskilur sér rétt til að breyta þingstað / þingfyrirkomulagi, ef takmarkanir í reglugerð heilbrigðisráðherra heimila ekki áætlaðan heildarfjölda þingfulltrúa og gesta. ÍBH á rétt á einum fulltrúa með málfrelsi og tillögurétt.

9. Fræðsluefni frá ÍSÍ í aðdraganda þinga og aðalfunda

Bréf frá ÍSÍ 24. febrúar sl. lagt fram til kynningar. Verið er að benda á örnámskeið í fundarsköpum sem Gunnar Jónatansson stjórnendamarkþjálfari sá um, allar nánari upplýsingar eru á <https://isi.is/fraedsla/betra-felag/>

10. Framboð til framkvæmdastjórnar ÍSÍ

Tilkynningar um framboð til forseta ÍSÍ og framkvæmdastjórnar ÍSÍ skulu berast til kjörnefndar Íþróttapings fyrir 16. apríl nk. Framboð telst einungis löglegt ef eitt ólympískt sérsamband og eitt héraðssamband / íþróttabandalag hafa lýst yfir stuðningi við framboðið.

11. Könnun vegna gæðakrafna þjónustusamnings milli íþróttafélaga og Hafnarfjarðarbæjar

Lagt fram til kynningar, aðildarfélögin hafa frest til 15. mars nk. til að svara könnuninni.

12. Erindi ÍBH um stuðning til íþróttafélaga vegna Covid

Hafnarfjarðarbær gerði könnun á tekjutapi íþróttafélaga vegna Covid. Niðurstöður hennar leiddu í ljós mikinn tekjumissi íþróttafélaga sem opinber stuðningur frá ríkinu, ÍSÍ og viðbótarframlag frá Íslenskri getsþá dekkar ekki. Hafnarfjarðarbær samþykkti að styrkja þau félög sem hafa orðið fyrir mestum tekjumissi um 25 milljónir króna sem deilist matskennt og hlutfallslega miðað við tölur úr könnuninni, FH 46%, Haukar 42%, Bjarkirnar 7,5% og BH 4,5%. Bæjarráð leggur jafnframt áherslu á að umræddum styrk verði útteilt hlutfallslega til viðkomandi deilda íþróttafélaganna til samræmis við fyrirliggjandi tekjufall hvernar deildar.

13. Bjartir dagar 2021 – óskað eftir hugmyndum að dagskrá

Bréf frá Hafnarfjarðarbæ frá 1. mars sl. lagt fram til kynningar. Verða haldnir 21. – 25. apríl nk. Hægt er að sækja um örstyrki að hámarki kr. 100.000. Beiðni um fjárframlag skal senda á verkefnastjóra Bjartra daga á menning@hafnarfjordur.is fyrir 29. mars nk. Úthlutun verður lokið fyrir 1. apríl nk. Lokafrestur til að senda inn dagskráratriði er 12. apríl nk.

14. Önnur mál

Engin.

Fundarritari: Elísabet Ólafsdóttir framkvæmdastjóri ÍBH.